

Húsavík, 24.03.2021

Efni: Umsögn Náttúruverndarnefndar Þingeyinga um malarefnistöku í landi Skóga 3, Reykjahverfi.

Náttúruverndarnefnd þakkar fyrir að fá að veita umsögn um malarefnistöku í landi Skóga 3, Reykjahverfi.

Fyrirhuguð efnistaka er 28.000 m³ á 2,5 ha svæði. Efnistökusvæðið er ekki skilgreint í aðalskipulagi sveitarfélagsins og ekki hefur verið gert deiliskipulag af svæðinu. Landeigandi horfir til þess að svæðið verði til lengri tíma uppbyggingarsvæði og er ætlunin að koma sjónarmiðum þar að lútandi að við næstu endurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins.

Samkvæmt viðauka með lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 fellur efnistaka á svæði sem er 25.000 m² eða stærra eða efnismagn er 50.000 m³ eða meira í B flokk (liður 2.03) en C flokk (liður 2.04) ef efnistaka er 25.000 m² eða efnismagn er minna en 50.000 m³. Framkvæmdir í flokki B og C eru háðar mati á umhverfisáhrifum þegar þær geta haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif en þær eru einnig tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar. Séu efnistökur það umfangsmiklar (namur.is) að þær falli undir lög um mat á umhverfisáhrifum þarf að gera deiliskipulag fyrir svæðið nema ítarlega sé gerð grein fyrir efnistöku og umhverfismati hennar í aðalskipulagi.

Hvorki liggur ljóst fyrir hvort og þá hvenær tekið verður meira efni úr námunni en þeir 28.000 m³ sem óskað er eftir heimild fyrir né er ljóst hversu djúp náman verður. Þá liggur ekki fyrir hvernig frágangi við námuna verði háttað en aðeins er talað um að jarðvegur sem lagður sé til hliðar verði formaður í manir meðfram þjóðvegi. Af því og fyrirætlun landeiganda um framtíðarnotkun svæðisins má ætla að náman verði áfram opin og ófrágengin. Námusvæðið er í um 400 m fjarlægð frá Mýrarkvísl, gamlir skurðir liggja meðfram túnum og frá túnum að ánni. Óljóst er hvaða áhrif efnistakan hefur á grunnvatnsstreymi en einnig getur laus jarðvegur fokið yfir á nálægt svæði.

Miðað við umfang efnistöku og því að hún er ekki skilgreind í aðalskipulagi Norðurþings telur Náttúruverndarnefnd eðlilegt að námusvæðið verði deiliskipulagt áður en til efnistöku kemur.

Virðingarfyllt,

Náttúruverndarnefnd Þingeyinga

Daníel Hansen

Jóhanna Björg Jóhannsdóttir

Sigbrúður Stella Jóhannsdóttir